



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

67. tölublað 7. árgangur júní 2018 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Sumarlestur

Lestur og læsi er undirstaða alls náms, lykill að tækifærum barna til frekari náms og síðar atvinnu á lífsleiðinni. Því er mikilvægt að nemendur haldi áfram að lesa í sumar, lestur er eins og íþrótt þar sem æfingin skapar meistarann.

Lestur í sumar er málið!



Gott fólk!

Ég vil þakka kærlega fyrir gott samstarf og samvinnu undanfarin 6 ár. Óska skólanum og ykkur öllum velfarnaðar í framtíðinni.

Sumarkveðja, Gunnþór

Kæra skólasamfélag

Þá er 6. starfsári leik- og grunnskólans í Árskógi að ljúka. Hér í vetur hefur öflugur starfsmannahópur unnið saman með frábærum börnum í skólanum og foreldrar sem vinna með okkur að velferð barnanna. Á næsta skólaári verða breytingar á starfsmannahópnum þegar Gunnþór og Anna Lauga róa á ný mið og Heike fer í barneignarleyfi. En það kemur alltaf maður í manns stað og mun Jónína Garðarsdóttir taka við skólastjórarstarfinu. Gitta Unn Ármannsdóttir mun taka við af Önnu Laugu og Guðrún Ásta Þrastardóttir leysir Heike af. Áfram munum við geta boðið upp á vel menntað og faglegt starfsfólk sem er tilbúið að leggja metnað sinn og áhuga í að gera starfið sem allra best. Við horfum björtum augum til næsta skólaárs.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Skólaslit föstudaginn 1. júní

Skólaslit Árskógar skóla verða föstudaginn 1. júní kl. 10:00 í félagsheimilinu Árskógi.

Þann dag fá nemendur grunnskólastigs afhentan vitnisburð, elsti árgangur leikskólastigs er formlega útskrifaður af því skólastigi.

Nemendur grunnskólastigs mæta eingöngu á skólaslit þennan dag og fara svo í sumarfrí, enginn skólabíll. Kötlukot lokar kl. 12⁰⁰ á skólaslitadag.

Skólaslit taka um 30 mínútur og við hvetjum foreldra til að mæta og eiga góða stund saman áður en grunnskólastignemendur fara í sumarfrí.

Takk fyrir veturinn og hafið það sérstaklega gott í sumar!



Uppákomur

Í sumar ætlum við að fara eftir veðri og vindum og grípa tækifærið þegar færi gefst í að brjóta upp starfið. Það verður nánar auglýst síðar á facebooksíðu Kötlukots.

Viðburðadagatal júní 2018

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
				I. Skólaslit kl. 10⁰⁰ Kötlukot lokar 12⁰⁰ Emelía 8 ára Jón Ævar 6 ára 	2	3
4	5 Öfugsnúin dagur 	6	7	8	9	10
11	12	13 Jón T. 9 ára 	14	15	16	17 Þjóðhátíð
18	19	20	21 Hjördís Harpa Stefán Darri 8 ára. 	22	23	24
25	26	27	28	29	30	